

NÝJUNG POLY-ICE APOLLO

*Nýr, kraftmikill
og stækkanlegur
flottrollshleri.*

Hleradeild Hampiðjunnar hefur sett á markaðinn nýja gerð af stálflottrollshlerum sem ber nafnið Poly-Ice Apollo.

Apollo hlerinn er einn kraftmesti og viðnámsminnsti flottrollshleri sem framleiddur hefur verið, samkvæmt ítarlegum mælingum sem gerðar hafa verið á honum. Lyftikraftur hans er einstakur og gera þessir eiginleikar það auðveldara að snúa, beygja og meðhöndla hann á allan hátt en aðrar gerðir flottrollshlera á markaðnum í dag. Að auki gerir léttleiki hans það að verkum að umtalsverður olíusparnaður næst með notkun hans, en það er nokkuð sem allir hugsa um á tímum hækkandi olíuverðs.

Apollo hlerinn er mun stöðugri en aðrar gerðir hlera og heldur trollopinu og trollinu mun stöðugra en áður hefur þekkst.

Apollo hlerinn er af sva-kallaðri V-gerð með háan hæðarstuðul, sem merkir að lengd hans er umtalsvert meiri en breiddin.

Önnur nýjung sem einnig prýðir Apollo hlerann er sú,

að hægt er að stækka hann ef á þarf að halda. Er það gert með viðbótum sem komið er fyrir á efri og neðri brúnum hans. Mögulegt er að stækka hann um 10-15% og jafnvel meira ef á þarf að halda. Þessi nýbreytni er fyrst og fremst hugsuð þannig að betur sé hægt að nýta sama hleraparið til notkunar með misstórum trollum á sama skipinu.

Enn á eftir að koma í ljós hvort skipstjórnarmenn muni nýta þennan möguleika, en þetta er spennandi kostur sem tíminn mun skera úr um hvort nýtist mönnum við notkun hleranna í framtíðinni.

Jón Eyfjörð skipstjóri á Sighvati Bjarnasyni VE-81 var fyrstur til að reyna Poly-Ice Apollo hlera með frábærum árangri að hans mati.

Maron Björnsson skipstjóri á Guðmundi Ólafi ÓF-91 er að hefja veiðar með nýju hlerana og Þerney RE-101, Vilhelm Þorsteinsson EA-11 og Baldvin Þorsteinsson EA-10 fara með Apollo hlera til veiða á næstunni.

Fjöldi innlendra og erlendra aðila hefur sýnt þessari nýju hlerategund áhuga og mun fylgjast grannt með framvindu mála næstu mánuði.

Mikil vinna hefur farið í hönnun, prófanir og smíði á Apollo hleranum og er það von



Hampiðjunnar að hann muni reynast jafnt innlendum sem erlendum útgerðum vel við veiðar í framtíðinni.



**APOLLO HLERINN
ER EINN KRAFTMESTI
EN UM LEIÐ VIÐNÁMSMINNSTI
FLOTTROLLSHLERINN**

KOLMUNNI INN

Kolmunni inn, þorskur og ufsi út!

Meðafli á kolmunnaveiðum við Ísland hefur verið nokkurt vandamál á undanförunum tveimur árum. Bolfiskur sem slæðist með í kolmunnatrollið er ónýtanlegur, einkum vegna þess hve lengi er togað og engin aðstaða er til að nýta hann um borð. Það var svo komið í veiðunum seinnipart sumars í fyrra að flest veiðisvæðin voru lokað fyrir austan land. Það varð því að ráði að reyna að skilja bolfiskinn út úr trollinu með fiskiskilju.




Skiljan var reynd á Berki NK-70 á kolmunnamiðunum út af Austfjörðum. Faxi RE tók einnig þátt í tilrauninni og togaði samhliða Berki meðan tilraunin stóð yfir, með samskonar veiðiútbúnað en án skiljunnar. Það var því eins góður samanburður á milli skipanna og mögulega er hægt að ætlast til. Þetta fékkst með frábærri samvinnu Sturlu Þórðarsonar og Ólafs Einarssonar skipstjóra á Berki og Faxe.

Tilraunin fór fram dagana 22.-29. september 2004 með leyfi frá sjávarútvegsráðuneyti. Sérfræðingar frá Hafnarannsóknarstofnun, Fiskistofu og Hampiðjunni voru með í veiðinni og fylgdust með aflanum og skráðu skilmerkilega niður mismun á afla skipanna í kolmunna og meðafla sem var að uppi-stöðu til frekar smár ufsi.

Lengdardreifing í fjölda á ufsa sem kom sem meðafli í Faxe og Berki.

Börkur var með skilju með 60mm rimlabil.

Líklega er hægt að ná betri árangri með því að minnka rimlabil í 55mm.



Heimild: Hafnarannsóknarstofnunin, Haraldur Einarsson fiskifræðingur 14.02.05

Skiljan var keypt frá Noregi og aðlöguð aðstæðum í kolmunnaveiðinni hér við land. Þessi skilja hefur verið notuð í Noregi með góðum árangri við að skilja þorsk og ufsa úr síldartorfum sem trollin eru dregin í gegnum. Skiljan er fest milli trolls og poka. Þegar fiskurinn kemur aftur að skilju fer kolmunninn í gegnum rimla skiljunnar sem eru með 60 mm millibili en bolfiskurinn fer niður með rimlunum og út um op í belgunum á undirbyrði skiljuhólksins.

Niðurstöður tilraunarinnar eru þær að notkun skiljunnar er möguleg um borð í flestum kolmunnaskipum. Efasemdir voru uppi um það að skiljan þylði þau átök sem verða við að hífa inn 400-500 tonna hól og að skiljan myndi hreinlega brotna í frumeindir sínar. Svo var þó ekki, en það sást fljótlega að stálskiljan bognaði fljótt og suðusamsetningar gáfu sig. Var þá skipt yfir í kanadíska plastskilju frá Tben í Hafnarfirði og virtist hún

pola mun betur álagið, þegar henni var rúllað inn á flottrollstromluna. Einnig var greinilegt að bolfiskurinn flokkaðist betur út úr trollinu heldur en með stálskiljunni.

Næstu skref í málinu er að þróa skiljuna enn betur. Þar er meðal annars horft á annað rimlabil en 55 mm og athugað að með stærri skilju. Það er ljóst að skilja verður ekki alltaf til staðar í trollinu, heldur einungis þegar ákveðið hlutfall af aflanum er yfir þeim lágmörkum sem í gildi eru hverju sinni. Því þarf skiljunetið að vera þannig úr garði gert að það sé auðvelt og fljótlegt að skipta því inn eða út úr trollinu eftir þörfum hverju sinni.

„Nýja Gloríu Helix trollið kemur mér alltaf á óvart!“

Segir sænskur skipstjóri á partogara.

Skandinávískir sjómenn þróuðu veiðar með flottrolli og náðu frábærum tökum á þeirri veiðitækni á fimmta áratug síðustu aldar.

Alla tíð síðan hefur Cosmos Trawl A/S, aðili að Hampidjan Group, gegnt forystuhlutverki í þróun uppsjávartrolla.

Fyrir skömmu fjárfesti Cosmos í framleiðsluleyfi á veiðarfærum sem nýta sér þantæknina.



Gloría Helix í tilraunatankinum

Umsögn frá skipstjórum á partogveiðum.

Síðustu tvær vertíðir hafa Gloríu Helix trollin reynst afar vel á partogurum sem stunda síld- og makrílveiðar.

Fiskni hefur aukist um 25-50% miðað við hefðbundnari flottroll við svipaðar aðstæður, enda sagði Elís Gustavsson á GG 218 VÁSTFJORD nýlega í viðtali við Guðmund Gunnarsson ritstjóra Poka-

hornsins: „Nýja Gloríu Helix trollið er alltaf að koma mér á óvart!“

Kenny Jansson starfsbróðir hans á togaranum GG 229 BRISTOL (nýjasta fiskiskipi Svía) bætti við: „Reynsla okkar af notkun þantrollanna hefur verið afar jákvæð. Fiskni hefur aukist og langtum auðveldara reynist að toga með nýja Helix-trollinu og stjórna því en hefðbundnum trollum okkar. Við gátum meira að

segja togað einni sjómílu hraðar á klukkustund en við áttum að venjast, en það gerir okkur meðal annars kleift að ná stærri makrílnum.“

Til þessa hafa sænsku skipin notað Gloríu Helix trollin á Norðursjó, í Skagerak og á Noregshafi en munu brátt reyna þau í Eystrasalti.

Cosmos Trawl! fulltrúi Hampidjan Group -tilbúinn fyrir 21. öldina.

Sænsku skipin hafa þegar sannreynt kosti Gloríu Helix trollanna og drjúgur hópur íslenskra og færeyskra skipstjórna hefur skilað álitni á þeim, enda væntir Cosmos þess að trollin muni brátt ryðja sér til rúms á öðrum helstu markaðssvæðum uppsjávartrolla.

Cosmos einbeittir sér að þantækninni og nýtur styrks og stuðnings hjá Hampidjan Group. Það er því vel í stakk búið til að fylgjast með þróun á þessu sviði – til hagsbóta fyrir fjölmarga viðskiptavinina sína í Skandinavíu og Norður-Evrópu.



Trollið hift á Västford

Uppsetning á 2048 m Gloríu kolmunnatrolli fyrir Peter Marlene



ÞANTÆKNIN

Bylting í veiðihæfni togveiðarfæra

Um miðjan tíunda áratug síðustu aldar barst Hampiðjunni til eyrna að unnið væri að byltingarkenndri tækni í veiðarfærum af aðilum sem tengdust ekki veiðarfæraframleiðslu. Hvað væri innifalið í tækninni fylgdi ekki sögunni. Nokkru síðar leiddu viðræður í ljós um væri að ræða svokallað „Self Spread“. Þeir aðilar sem höfðu fóstorað og þróað þessa hugmynd voru áhugasamir um að fá Hampiðjuna til liðs við sig til að þróa hana enn frekar. Eftir að hafa velt hugmyndinni fyrir sér urðu stjórnendur Hampiðjunnar sannfærðir um að hér væru á ferðinni spennandi möguleikar til að bæta veiðihæfni veiðarfæra umtalsvert og í október 1998 skrifaði Hampiðjan undir samstarfssamning við eigendur tækninnar.

Það sem stjórnendur Hampiðjunnar sáu sem kosti þantækninnar var eftirfarandi:

- Þenur út möskvana með straumkljífum þankaðlanna.
- Eykur rými inn í trollinu.
- Enginn titringur eða sveiflur í trolli á togi, minna togviðnám.
- Lágmarkar hávaða frá neti á syndandi fisk.
- Minna áreiti á fisk inni í trollinu
- Engar flækjur eða snúningar
- Er stöðugt á togi, í snúningi, hliðarstraumi og við dýpissbreytingar.
- Auðveldara í veiðum við yfirborð á miklum toghraða.

Fyrstu þantrollin

Fyrstu þantrollin fóru frá Hampiðjunni í ársbyrjun 1999 til Alaska til veiða á alaskaufsa. Fyrsta þantrollið sem tekið var í notkun hér á landi, fór um borð í Þorstein EA í apríl sama ár, til kolmunnaveiða við Rockall og þar með valt boltinn af stað. Snemma árs 2004 keypti Hampiðjan síðan öll einkaleyfi og umsóknir sem tengjast umræddri tækni.

Fyrsta kynslóðin - tvísnúnir kaðlar

Fyrsta útgáfa þankaðla Hampiðjunnar voru tveir kaðlar snúnir saman í einn þankaðal. Í hverjum þanmökva er tveir leggir með hægri snúðátt og tveir með vinstri snúðátt. Nýju þankaðlarnir virkuðu mjög vel í byrjun. Hins vegar komu fljótlega í ljós ýmis snúnings- og slitvandamál sem leiddu til þess að farið var að huga að endurbættum þankaðli.

Önnur kynslóðin - Helix kaðlar

Eftir umfangsmikilar prufur og rannsóknir varð niðurstaðan yfirfléttaður kaðall sem fékk nafnið Helix og er með

20% meiri þanvirkni en tvísnúni kaðallinn.

Í honum eru sameinaðir kostir þantækninnar og yfirfléttaða flottrollskaðalsins. Hann er gerður úr nælonkjarna og utan um hann er fléttuð Pólýetýlenkápa. Í kápunni er fléttað garn sem myndar straumkljúfa í kaðlinum. Með Helix vafningnum fá kápan og kjarninn aukavörn gegn snúningi. Helix kaðallinn er tiltölulega stífur og flækist ógjarnan. Það má því segja að snúningsvandamál t.d á vængjum heyri nánast sögunni til.

Þegar Helix trolli er slakað í sjóinn sést greinilega hvað Helix möskvarnir aðgreina sig strax hver frá öðrum vegna þanvirkinnar og trollið þenst út, líkt og fallhlíf aftan við skipið sem sést best á trollsjánni. Eini „ókostur“ Helix kaðalsins er sá að það er nánast ómögulegt að splæsa á hann auga eða tvo enda saman.

Því varð að hnýta möskvana í framparti trollsins og við það myndast umfangsmiklir hnútar í sverasta kaðlinum. Vinna við stærstu möskvana var erfið og tímafrek þar sem þanmunstur möskvanna er annað en í hefðbundum möskvum. Skoðaðir voru ýmsir möguleikar á mismunandi samsetningu þanmökva og á endanum var valið að

þrykkja Helix kaðlana með álhólum.

Þrykking Helix kaðla


Tekið var upp samstarf við Brødrene Markussen í Danmörku sem sýndu málinu strax áhuga og með samvinnu var þróuð þrykkiaðferð sem gefið hefur mjög góða raun í Helix trollum Hampiðjunnar.

Það eru margir ótvíræðir kostir sem fást með því að þrykkja Helix kaðlana:

- Hver Helix leggur í stærri möskvum trollanna er þrykkur.
- Léttir vinnu, auðveldara að raða saman þanmynstri. 30-40% meiri styrkur með þrykkjum en með hnútum.
- Meiri styrkur, grennri kaðlar, minna viðnám.
- Auðveldar viðgerðir á möskvum, engir hnútar.
- Þyngir ekki trollið. Álhökur er léttmálmur, eðlisþyngd 2,4
- Snúnings- og flækjuvandamál heyra nánast sögunni til.
- Með 20% meiri þanvirkni þenjast vængir og belgur trollsins sem því nemur aftur að poka trollsins.
- Minni sveifla, titringur á netveggjum trollsins með Helix en tvísnúnum köðlum.

Hoffell var fyrsta skipið sem byrjaði með Glóriu flottroll með Helix köðlum í apríl 2002 og mánuði seinna fór Venus, með Glóriu Helix troll til úthafskarfaveiða í maí 2002.

Árinu seinna prófaði Venus fyrsta þrykktu Glóriu Helix trollið í úthafskarfaveiðinni með góðum árangri.



Bylting í möskvamælingum

Nýr stafrænn möskvamælir á markaðinn.

Nýr og fullkominn möskvamælir var kynntur til sögunnar hjá rafeindafyrirtækinu Marelec í Belgíu um síðustu áramót.



Þess má geta að Hafrannsóknastofnunin notaði mælinn í kjörhæfnisrannsóknnum á síðasta ári og starfsmenn Hampiðjunnar notuðu mælinn við mælingar á trollnetum fyrirtækisins og var það einróma álit þeirra að þetta væri tæki sem lengi hefði verið beðið eftir innan greinarinnar.

Mælirinn er þannig úr garði gerður að hann mælir möskvastærð trollneta án þess að mannshöndin hafi áhrif á mælinguna. Mælirinn er rafknúinn og sýnir niðurstöðu hverrar mælingar á skjá mælisins hverju sinni. Hann mælir hvern möskva með fyrirfram ákveðnu átaki sem getur verið 4 kg eða 10 kg. Hægt er að mæla möskvastærðir frá 10 mm upp í 300 mm. Minni mælisins getur geymt 1000 niðurstöður, miðað við 20 mælingar í hvert skipti.

Mögulegt er að færa mælingar yfir í tölvu með innrauðu ljósi sem er innbyggt í mælinn.

Orsakir þess að farið var í að hanna nýja mælinn voru þær að möskvamælar og möskvamælingar, þóttu ekki nógu nákvæmar þegar upp komu deilumál innan réttarkerfis ESB á þessu sviði. Því var hrint af stað Omega verkefninu í október 2002, til 29 mánaða og því lauk í febrúar 2005.

Kostnaður við verkefnið var 759.593 evrur sem gerir 61,5 milljónir kr. á gengi dagsins 3. febrúar 2005.

Verkefnið var unnið í samstarfi 11 stofnana og fyrirtækja í Evrópu. Verkefnisstjóri var Ronald Fonteyne fiskifræðingur frá Oostende í Belgíu. Nú er verið að vinna að reglugerð um möskvastærðir sem byggð verður á nýja möskvamælinum og er gert ráð fyrir að hún taki gildi á þessu ári.

Umboðsaðili fyrir Marelec N.V. hér á Íslandi er Raftíðni ehf í Reykjavík.



MAGNET

Góður árangur í tankferð Hampiðjunnar!

Nýtt og vistvænt loðnuflottroll.

Tólf manna hópur á vegum Hampiðjunnar, fór í tilrauna-tankinn í Hirsthals í Danmörku dagana 30. mars til 2. apríl sl.


Tilgangur

Megintilgangur ferðarinnar var að skoða mismunandi útfærslur á flottrolli til loðnuveiða. Frumsýnd var ný og byltingakennd gerð af uppsjávarflottrolli frá Hampiðjunni. Einnig var skoðuð kolmunnaskiljan sem reynd var á Berki NK s.l. haust. Ferðin tókst í alla staði mjög vel og voru þátttakendur mjög ánægðir með það sem bar fyrir augu í tilrauna-tanknum.

Niðurstaða

Niðurstaða ferðarinnar var sú að þær útfærslur sem

skoðaðar voru, séu mjög áhugaverðar og gefi tilefni til að reyna þær við veiðar síðar á árinu, áður en loðnuvertíðin hefst af fullum krafti. Það mun líklega verða gert í nóvember á þessu ári, ef aðstæður leyfa, svo fremi sem loðna komi á svæðið úti fyrir Norðurlandi eins og hún gerði á síðasta ári. Mjög eftirtektarvert var hvað loðnutrollið opnaðist vel aftur í belg, sem ætti að auðvelda það að loðnan fari hratt og óhindrað aftur í pokann. Með slíkri áferð má gera ráð fyrir verulegri minnkun í ánetjun og smugi loðnunnar á leið hennar í gegnum belginn á trollinu. Það vakti mikla hrifningu hjá hópnum hvað nýja Glóriu Hi-Flow flottrollið var stöðugt í tanknum, sem gefur til kynna að þankraftur netsins er að vinna að fullu við að útiloka titring í köðlunum. Hinn mikli titringur sem sést í venjulegum flottrollum á vafalaust þátt í því að skaða



smáfisk eins og loðnuna, þegar hún er komin inn í belg trollsins, þar sem hún kastast til og frá og hluti af henni drepst í öllum látunum.

Ástæður ferðarinnar

Farið var í ferðina að frumkvæði loðnuskipstjóra sem komu að máli við Hampiðjuna. Töldu þeir að breytinga væri þörf á loðnuflottrollinu, vegna hinnar neikvæðu umræðu sem í gangi hefur verið um loðnuveiðar í flottroll á undanföllum

árum. Tilraunaveiðar á loðnu í flottroll hófust árið 1993 og voru stundaðar í til-
tölulega litlum mæli fram eftir tiunda áratugnum. Það var fyrst á fiskveiðitímabilinu 1999 til 2000 að veiðin jókst umtalsvert og veiddust þá 137 þúsund tonn af loðnu í flottrollið á móti 738 þúsund tonnum í nótina.

Á móti flottrolli

Andstæðingar flottrollsveiðanna vilja alfarið banna notkun flottrollsins. Það er



skoðun þeirra að loðnustofninn skaðist, þegar fjöldi skipa togar í gegnum loðnutorfurnar fram og tilbaka og tæti þær í sundur með tilheyrandi tjóni, sem felst í því að mikið magn af loðnu sem fer inn í trollopið, smjúgi í gegnum möskvana eða ánetjist í netinu og drepist við það.

Með flottrolli

Aftur á móti halda meðmælendur flottrollsveiðanna því fram að alltof mikið sé gert úr skaðsemi flottrollsins og benda á að meginástæða þess að verið sé að nota flottroll til veiðanna er sú, að það veiðist sama og ekkert í nótina á „flottrollstímanum“, frá áramótum fram í miðjan febrúar.

Mikilvægt er að geta þess að verðmæti loðnunnar er hærra þegar hún veiðist í flottroll, þar sem hún er feitari og umtalsvert magn af henni fer til frystingar fyrir Rússlandsmarkað.

Þá hefur það komið skýrt í ljós hjá skipstjórum vinnsluskipanna að það er mun hagkvæmara fyrir þá að frysta loðnuna með því að veiða hana með flottrolli. Það gefi þeim meiri sveigjanleika að



Þátttakendur í ferðinni: Efri röð frá vinstri: Jón Grétarsson, Oddgeir Jóhannsson, Sturla Einarsson, Lárus Grímsson, Hörður Guðmundsson, Haraldur Einarsson og Halldór Guðnason. Neðri röð frá vinstri: Guðmundur Gunnarsson, Haraldur Árnason, Ólafur Einarsson, Maron Björnsson og Argrímur Brynjólfsson.

geta skammtað sér aflamagnid með flottrollinu en síður með nótinni.

Rannsóknir


Þetta eru fullyrðingar sem stangast á, með og á móti, þar sem nær engar neðansjávarrannsóknir hafa farið fram á þessu sviði veiðitækninnar, enn sem komið er. Það er þó bót í máli, að Haf-rannsóknastofnun hefur fest kaup á fullkomnum neðan-

sjávarmyndbúnaði, sem koma mun til landsins á miðju þessu ári. Ætti þá væntalega, að vera hægt að skoða hvort skaðsemi loðnutrollsins sé eins mikil og af er látið, áður en næsta loðnuvertíð hefst um og eftir næstu áramót.

Kostir og gallar

Öll veiðarfæri hafa mismunandi kosti og galla og það á einnig við um nótina, sem er mjög afkastamikið veiðar-

færi við réttar aðstæður. Er ekki tími til kominn að rannsaka einnig skaðsemi nót-arinnar á loðnustofninn, t.d þegar verið er að veiða smáloðnu norðan við landið á sumrin?



Fjarðanet hf

*Sérhæft fyrirtæki í veið-
arfæra- og fiskeldisþjón-
ustu*

Alhliða veiðarfæraþjónustan Fjarðanet hf varð til um síðustu áramót við sameiningu Netagerðar Friðriks Vilhjálmssonar hf og Netagerðar Vestfjarða hf undir nafninu Fjarðanet hf. Fjarðanet rekur í dag alhliða veiðarfæraþjónustu á sex stöðum á landinu, í Neskaupstað, Fáskrúðsfirði, Seyðisfirði, Akureyri, Siglufirði og Ísafirði, ásamt þvottastöð fyrir fiskeldisþoka á Reyðarfirði. Fjarðanet rekur einnig gúmmibátaþjónustur á tveimur af starfsstöðvunum; á Ísafirði og í Neskaupstað.

Fjarðanet er mikilvægur hlekkur í þjónustuneti Hampidjunnar á Íslandi og er með starfsstöðvar í nokkrum af mikilvægustu höfnum landsins og þjónustar allar gerðir veiðarfæra á öllum starfsstöðvum.

Á öllum þessum starfsstöðvum höfum við á að skipa vönu starfsfólki með áralanga reynslu af veiðarfæragerð og sjómennsku og leggjum við mikla áherslu á gott samstarf við sjómenn við þróun og hönnun veiðarfæra.

Á verkstæðunum á Austurlandi er þjónusta við uppsjávarveiðiskipin mikilvæg. Í því sambandi erum við að bæta aðstöðu okkar hvað varðar



FJARÐANET

þjónustu við flottrollsskip og erum að koma fyrir tromlum við verkstæði okkar á Seyðisfirði til að auðvelda vinnu og þjónustu við flottroll.

Með gúmmibátaþjónustunum getum við boðið skipum þá þjónustu að hægt er að skoða björgunarbáta meðan skipin eru að landa, eða hugsanlega meðan skipin eru með veiðarfæri í viðgerð hjá okkur. Ásamt skoðun á björgunarbátum bjóðum við ýmsar björgunarvörur fyrir skip og báta.

*Eina sérhæfða fyrirtækið
í fiskeldisþjónustu*

Fjarðanet hefur undanfarin ár byggt upp þjónustu við fiskeldi og er leiðandi á þessu sviði og eina fyrirtækið á Íslandi sem sérhæft er í þjónustu við fiskeldi. Við framleiðum netþoka, fuglanet, kastnætur og festingar fyrir fiskeldiskvíar og seljum ýmsar vörur svo sem: kvíar, háfa, baujur og merkjaljós á kvíar sem ganga fyrir sólarrafhlöðu. Fjarðanet hefur nýverið tekið upp samstarf við Sæplast þannig að Fjarðanet verður sölu- og þjónustuaðili á Íslandi við fiskeldisbaujur sem Sæplast framleiðir í Noregi.

Jón Einar Marteinsson er framkvæmdastjóri Fjarðanets. Heimasíða fyrirtækisins er www.netagerd.is

Tben ehf tekur við sölu neta og kaðla Hampidjunnar á Íslandi.

Um síðustu áramót tók Tben ehf í Hafnarfirði við sölu og dreifingu á framleiðsluvörum Hampidjunnar á innanlandsmarkaði í trollneti, garni og köðlum.

Tben ehf, er dótturfyrirtæki Hampidjunnar, staðsett í Hafnarfirði að Hvaleyrarbraut 39-41 með 1800 fermetra lagarstöðu undir vörur fyrir tækisins.

Tben mun kappkosta að að veita góða alhliða þjónustu á sviði þeirra veiðarfæra sem notuð eru á íslenskum fiskiskipum í dag og býður upp á breiða línu af útgerðarvörum sem til þarf í öflug og afkastamikil veiðarfæri.

Tben ehf býður upp á víraþjónustu, fyrirtækið er vel

tækjum búið fyrir alla víravinnu hvort heldur er handsplæst eða hólkað með vél, einnig er boðið upp á togvírastæðingar.

Tben ehf setur upp nýjar rockhopperlengjur og endurbætir notaðar lengjur.

Nýlega hófst innflutningur á rockhopperskífum sem sjást á meðfylgjandi mynd og koma frá Sintef í Danmörku. Með skífunum skverast vængir trollanna um 15% betur en áður. Þá skila skífurnar um 20% meiri afla í þorski samkvæmt rannsóknunum frá Sintef. Ekki má gleyma hnútalesa netinu frá Net Systems. Framleiddir hafa verið tveir pokar úr netinu fyrir Sighvat Bjarnason og Þorstein ÞH.



Pokarnir hafa komið mjög vel út sem veiðarfæri, vegna minni mótstöðu en í hefðbundnu neti og aflinn skilar sér fljótt og vel aftur í poka.

Þorsteinn Benediktsson er framkvæmdastjóri Tben ehf. Heimasíða fyrirtækisins er www.tben.is



Peter Marlene mokfiskar síld í Norðursjónum

Það bar vel í veiði hjá flot-trollsskipinu Peter Marlene (áður Charisma) frá Esbjerg þegar það prófaði 1024 metra Glóriu Helix trollið frá Cosmos Trawl, austur af Sheltandseyjum fyrr á þessu ári. Skipið hóf veiðar aðfaranótt fimmtudags og var komið með fullfermi af síld á laugar-dagsmorgni.

Alls voru tekin 7 hól í túrnum, stærsta halið 370 tonn.

Notaðir voru 100 metra Dynex grandarar með 6 metra framlengingu að neðan og 1000 kg lóð hvorum megin. Hlerar: 15 m² Thyboron.

Botndýpi á veiðislóðinni var að meðaltali 106 metrar og togað með trollið þannig að fótreiðið var 2 metra frá botni. Togviralengd var 275 til 310



Flottrollsskipið Peter Marlene frá Esbjerg

metrar og breidd milli hlera 120 metrar. Lóðrétt og lárétt opnun í trollopi var 52 x 65 metrar. Togferð var að meðaltali 4,3

míkur og olíunotkun 570 lítrar á klukkustund.


Að sögn skipstjórans reyndist trollið mjög vel í alla staði,

létt að draga það og það sem kom í opið endaði allt aftur í poka.

Það var fljótara að sökkva en önnur troll sem þeir nota. Mjög gott var að vinna með trollið nálægt botni, og það viðbragðsfljótt, þegar híft var í það snögg frá botni. Síldin er klesst á botninn á daginn, en lausari frá á nóttinni.

Það tók aðeins 25 mínútur að slaka trollinu, þar til mann-skapurinn var kominn aftur inn í káetu!

Venjulega tekur þessi aðgerð eina klst. eða meira.



Góð innkoma á trollsónarinn

Hampidjan *Baltic*

Á árinu urðu vatnaskil í starfsemi Hampiðjunnar hér á landi. Framleiðsla á netum og köðlum, sem verið hefur hér á landi frá stofnun félagsins, var flutt til dótturfélags í Litháen.

Dótturfélag Hampiðjunnar í Litháen, Hampiðjan Baltic, er í bænum Siauliai sem er næstum miðja vega á milli höfuðborgarinnar Vilnius í austri og hafnarborgarinnar Kleipeda í vestri. Í bænum búa um 130 þúsund manns sem flestir stunda þjónustu- og iðnaðarstörf.

Hampiðjan Baltic reisti á árinu nýtt 4.500 fermetra verksmiðjuhúsnæði, sem er samfast eldri 10.000 fermetra byggingu.

Kaðlavélarnar frá Bílds- höfðanum voru síðan fluttar í hið nýja húsnæði. Húsnæðið er hið glæsilegasta og fellur mun betur að starfsemi en húsnæðið á Bílds- höfðanum gerði áður og ræður þar mikil lofthæð og fáar burðarsúlur mestu um.



Hampiðjan flytur

Í rúmlega 70 ára sögu Hampiðjunnar hefur hún eingöngu haft höfuðstöðvar á tveimur stöðum í Reykjavík.

Skömmu eftir stofnun félagsins árið 1934 var verksmiðja byggð í Rauðarárholti. Fyrst var eingöngu um 450 fermetra húsnæði að ræða en með viðbótum og stækkingum á næstu 50 árum var verksmiðjuhúsnæði Hampiðjunnar í holtunum alls orðið um 7.300 fermetrar að stærð.

En holtin, sem voru í jaðri byggðar árið 1934, breyttust í miðbæ sem ekki er hentugur staður fyrir umfangsmikinn verksmiðjurekstur.

Því var á áttunda áratugnum ráðist í að byggja nýtt verksmiðju- og skrifstofuhúsnæði að Bíldshöfða 9 á rúmgóðri lóð sem Hampiðjan fékk þar úthlutað. Fluttust verksmiðja og skrifstofur Hampiðjunnar alfarið í það húsnæði 1993.



Í kjölfar flutnings á framleiðsludeildum neta og kaðla til Litháens var fasteignin að Bíldshöfða seld og höfuðstöðvarnar fluttar í nýtt og glæsilegt skrifstofuhúsnæði að Flatahrauni 3 í Hafnarfirði.


ÞÖGN ER GULLS ÍGILDI

Hljóðlátt nálgast Helix þantrollið fiskinn

Þögnin er einn af kostum þantækni Hampiðjunnar.
Þantrollið líður hljóðlátt um djúpið og styggir ekki fiskinn.
Þannig eykst veiðihæfnin.

Helix fiskar betur

Þanorkan þenur trollið út og heldur því stöðugu á togi, í snúningi og hliðarstraumi.



**GLORÍA
HELIX™**
Þögn er gulls ígildi

HAMPIÐJAN

– fyrir heimsins höf
www.hampidjan.is

ÓTTÓ AUGLÝSINGASTOFA

Framleitt samkvæmt einu eða fleiri eftirfarandi einkaleyfum:

Euro. Pat. No. 0 859 546 DE-DK-ES-FR-GB -IE-NL-PT-SE. Euro. Pat. No. 0 977 479 DK-GB-IE-NL-PT. Ísland 1827. Namibla 96-0080. Namibla 96-0031. Nýja-Sjáland 321,156. Nýja-Sjáland 500,917. Noregur 316,201. Perú 1500. Perú 2501. Rússland 2,190,325 (C2). Suður-Afrika 96-8607. Suður-Afrika 96-3094. Bandaríkin 6,357,164. Bandaríkin 6,374,531.

500 lítra minni olíueyðsla á sólarhring!

Frumkvöðlar í notkun Dynex grandara á úthafskarfaveiðum.

Skipstjóri Pasqual Atlantico fyrstur til að nota Dynex grandara við úthafskarfaveiðar

Í samtali við Birgi Sverrisson skipstjóra á Vestmannaey fyrir stuttu lét hann mjög vel af notkun Dynex Dux grandaranna við úthafskarfaveiðar á Reykjanes hryggnum undanfarin ár. Vestmannaey var fyrst íslenskra úthafskarfa-skipa árið 2002, til að taka í notkun 21 mm Dynex Dux grandara við 2048 metra Glóriu troll frá Hampiðjunni. (Pokahornið 14. árgangur ágúst 2002)

Hins vegar láðist að taka fram að fyrirmynd að þessari reynslu kom frá José António Senos skipstjóra á portúgalska togaranum Pasqual Atlantico.

Hann keypti Dynex 24 mm grandara hjá Hampiðjunni árið 2000 og það kom strax í ljós að það borgaði sig fljótt upp hjá honum. Hann er enn að nota sömu grandarana og það sér lítið sem ekkert á þeim enn sem komið er.

Það kom því vel á vandan þegar Hampiðjumenn hittu Senos skipstjóra í tilraunatan- knum í Hirsthals. Hann kom strax til okkar með Pokahornið á lofti og sagði „Ég var fyrstur til að nota Dynex grandara á úthafskarf- ann en ekki Vestmannaey!“



Portúgalski frystitogarinn Pasqual Atlantico.

Við biðjum Senos skipstjóra forláts á að hafa ekki sagt frá því þegar hann tók forskotið á aðra skipstjóra og ruddi brautina, með því að létta veiðarfærið og auka aflann, til að geta verið samkeppn- ishæfari við aflmeiri skip á veiðislóðinni. Það þarf kjark og áráði til að taka frumkvæði í svona málum, þar sem erfitt er að sjá fyrirfram hvort tilraunin gengur upp eða ekki.

Það sem kom á óvart við til- raunina var að skipið virtist ekki þurfa að nota miklu meira af togvír en áður vegna létt- leika Dynex grandaranna. Skipstjóri Senos segist nota ca. 5-10% lengri togvír en þar á móti er veiðarfærið mun léttara í drætti (orku- sparnaður) og fljótverkara að hreyfa trollið upp og niður í sjónum en áður. Þetta er í samræmi við reynslu þeirra á Vestmanney frá árinu 2003,

sem segjast nota nánast sömu víralengd og áður, en það taki aðeins lengri tíma að sökkva trollinu niður á það togdýpi þar sem úthafskarfinn veiðist eða niður á 400 faðma dýpi.

Í ljósi þess að það er ótvírætt orkusparnaður við að nota Dynex grandara, kemur það á óvart hvað útgerðarmenn og sjómenn hafa beðið lengi með að skipta yfir í Dynex Dux grandara. Það getur ver- ið að verðið sé þröskuldur í málinu, en samanburður á verði Dynex Dux grandara á móti vírgröndurum hjá Vest- manney, leiddi í ljós að Dy- nex grandarar eru 2,5 sinnum dýrari í innkaupum en 24 mm þrísnúinn vír sem algengast er að nota í grandara í dag. Hins vegar bendir allt til þess að ef vel er farið með Dynex grandarana, þá endist þeir allt að fimm sinnum lengur en vírgrandararnir. Auk þess er vert að minna á þær stað-

reyndir sem fram hafa komið hjá stjórnendum Pasqual Atl- antico og Vestmannaeyjar um notkun Dynex grandar- anna:

- Glóriutrollið mun léttari í drætti, allt að 500 lítrum minna af olíu á sólarhring
- Nánast sama togvíralengd
- Algjör bylting fyrir mannskapinn
- Minna álag á nettromlu
- Miklu fljótlegra að afgreiða trollið
- Ending Dynex Dux grandaranna kemur verulega á óvart



Þessi mynd er af gröndurum sem notaðir hafa verið á Vestmannaey í þrjú úthöld á úthafskarfa.